

Alþingi
Erindi nr. P 138/658
komudagur 10.12.2009



Reykjavík, 10. desember 2009

Viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (þingmál 255)

Tryggingasjóður sparisjóða (TRSP) óskar eftir að koma á framfæri athugasemd við bráðabirgðaákvæði II í frumvarpi til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, en þar segir:

„Tryggingarsjóður sparisjóðanna skal lagður niður 31. desember 2009. Eignir öryggissjóðs renna þá til sparisjóðanna í sömu hlutföllum og nemur hlutdeild þeirra í heildarinnstæðum hjá sparisjóðum eins og hún er 31. desember 2009. Skal standa skil á greiðslu til þeirra eigi síðar en 28. febrúar 2010.“

Á aðalfundi TRSP, sem haldinn var 20. nóvember var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Tryggingasjóður sparisjóða var stofnaður á grundvelli heimildarákvæðis í 19. gr. núgildandi laga, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, og hefur sjóðurinn gengt mikilvægu hlutverki í sparisjóðakerfinu og meðal annars staðfest að sparisjóðir eru tilbúnir að standa við bakið á hver öðrum ef þörf er á.“

Aðalfundur Tryggingasjóðs sparisjóða telur mikilvægt að ekki verði hreyft við lagalegum grunni Tryggingasjóðs sparisjóða fyrr en séð hefur verið fyrir endann á fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðanna og þá í samráði við sparisjóðina.“

Samstaða hefur ríkt um það innan stjórnar TRSP að mikilvægt sé að nýta fjármuni sjóðsins til stuðnings við sparisjóði í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu þeirra. Fjármunir sjóðsins eru hins vegar takmarkaðir og ljóst að TRSP hefur ekki fjárhagslega burði til að styðja við bakið á stærstu sparisjóðunum, en aðkoma TRSP að smærri sparisjóðum getur skipt sköpum. Nú þegar hefur TRSP veitt vilyrði fyrir 40 millj. kr. kaupum á stofnfé í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis. Loforðið er hins vegar háð skilyrðum m.a. um aðkomu ríkisins að sjóðnum.

Nýtt erindi barst frá öðrum sparisjóð í byrjun nóvember þar sem óskað var eftir stofnfjárframlagi í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins. Til að tryggja jafnræði sendi TRSP bréf til allra sparisjóða, sambærilegt við það sem sent var áður en umsókn Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis var afgreidd í janúar 2009, til að kanna hvort fleiri sparisjóðir þyrftu á aðkomu TRSP að halda. Á næstu dögum mun stjórn sjóðsins fjalla efnislega um þau erindi sem hafa borist frá sparisjóðum.

Bráðabirgðaákvæði II í lagafrumvarpinu er ekki í þeim anda að tryggja að fjármunir TRSP verði nýttir í samræmi við tilgang og starfshætti sjóðsins fram til þessa. Heppilegt væri að TRSP fengi að minnsta kosti að starfa þar til fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóða er lokið, til að tryggja aðkomu hans að þeim sparisjóðum sem þurfa á honum að halda. Þannig væri honum unnt að sinna hlutverki sínu allt til lokadags. Gera má ráð fyrir að nú fari að sjá fyrir endann á endurskipulagningu sparisjóðanna og er það von okkar að 1. júlí 2010 verði stefnumótun varðandi framtíðarsýn sparisjóðanna lokið.

Virðingarfyllt,

Tryggingasjóður sparisjóða



Hrefna Gunnarsdóttir
framkvæmdastjóri